


Reykjavík 16.02.2023

Varðar: Laugavegur 176 – (fsp)

Skoðuð er fyrirspurn Yrkis arkitekta, dags. 18.01.2023, um hvort breyta megi deiliskipulagi fyrir lóð nr. 176 við Laugaveg og lengja þakhæð sbr. teikningar.




Tillaga Yrkis arkitekta að útliti að Laugavegi

Skipulagsleg staða:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðsvæði (M2b)


Í gildi er Deiliskipulag Laugavegs 168-176, dags. 01.07.2021, með síðari breytingum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags



Sneiðing 1 úr gildandi deiliskipulagi sem sýnir hæðir húsa við Laugaveg



Umsögn:

Í fyrirspurn Yrkis arkitekta sama efnis, dags. 4.10.2022, er neikvætt tekið í lengingu þakhæðar þar sem umbeðin breyting hefði í för með sér aukið byggingarmagn á reit þar sem hámarks heimilt byggingarmagn er nú þegar umtalsvert. Í umsögn um það erindi segir jafnframt að styttri, inndregin þakhæð muni falla betur að heildarásýns svæðisins og er tekið undir það hér. Austan við lóðina eru eldri byggingar sem eru fjórar hæðir. Lenging á 7. hæð myndi því aðgreina nýbyggingar frá eldri byggð fremur en að aðlaga sig að þeim.

Niðurstaða:

Ekki er fallist er á erindi.

F.h. Skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri